

Dvalarheimili aldraðra sf.

kt. 570577-0349,
Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

bls.

| | |
|---|----------------|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun á ársreikninginn | 2 - 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 - 5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 - 8 |
| Sjóðstreymi | 9 |
| Reikningsskilaaðferðir | 10 - 11 |
| Skýringar og sundurliðanir | 12 - 19 |

Skýrsla stjórnar og áritun

Meginstarfsemi félagsins

Félagið er sameignarfélag sem stofnað var til þess að koma upp og starfrækja dvalarheimili aldraðra á Húsavík og víðar á svæði sveitarfélaganna er aðild eiga að því. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum og skv. samþykktum sameignarfélagsins Dvalarheimili aldraðra sf. frá árinu 2009. Félagið rekur dvalar- og hjúkrunarheimili á Húsavík, dagvistun á Kópaskeri og dagvistun og leiguíbúðir á Raufarhöfn. Einnig rekur félagið þjónustu við eigendur sjálfseignaríbúða fyrir aldraða á Húsavík. Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlega tapi af rekstri skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næstliðins árs, sbr. 3. gr. samþykktu félagsins.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Starfsemi félagsins skiptist í tvennt; byggingadeild og rekstur þjónustu- hjúkrunar- og vistdeilda.

Engar fjárfestingar voru á árinu í fastafjármunum. Fimm viðskipti voru með búseturétt á árinu.

Legudagar í dvalarrýmum voru 6.215 á árinu en 6.200 á árinu 2015. Legudagar í hjúkrunarrýmum voru 9.192 en 9.139 á árinu 2015 og í hvíldarinnlögnum 710 samanborið við 721 á árinu 2015. Legudagar voru því samtals 16.117 en 16.060 á árinu 2015. Vistrými í árslok 2016 eru 17 og nýting þeirra á árinu var 99,89%. Hjúkrunarrými eru í árslok 25 og nýtingin hjúkrunarrýma var 100% á árinu. Meðalaldur vistmanna er 85,7 ár. Á árinu 2016 störfuðu u.þ.b. 42 starfsmenn hjá félaginu í 30 stöðugildum.

Rekstrartekjur félagsins námu 451,1 mkr. samanborið við 397,8 mkr. árið 2015. Tekjur hækka því um 13,4% milli ára. Rekstrargjöld, án afskrifta og lífeyrisskuldbindinga, námu 438,6 mkr. samanborið við 432,3 mkr. árið 2015. Halli félagsins á árinu nam 29,1 mkr. samanborið við 72,3 mkr. halla árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 251 mkr. án lífeyrisskuldbindinga samanborið við 232,3 mkr. árið 2015.

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði á árinu 2017 og á árinu 2016.

Jöfnun halla

Stjórn félagsins vísar til skýringar nr. 6 í ársreikningi varðandi jöfnun á halla ársins.

Fjárhagsleg staða

Stjórnendur félagsins hafa á liðnum árum unnið að lausn á viðvarandi taprekstri félagsins. Á árunum 2010 til 2016 nam tap félagsins um 328,5 millj. króna. Eigið fé félagsins hefur þurrkast út en sveitarfélögin styrktu fjárhagsstöðuna með sérstöku 20 milljóna aukaframlagi. Rekstrarvandi dvalar- og hjúkrunarheimila um land allt er af sama toga; daggjaldagreiðslur frá ríkinu hafa ekki fylgt verðlagi og þjónustustigi. Í skýringu nr. 19 í ársreikningnum er fjallað um rekstrarhæfi félagsins.

Eignaraðild

Eignaraðilar að félaginu eru 4 sveitarfélög í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, nánar tiltekið frá Þingeyjarsveit að vestan austur að og með Raufarhöfn í Norðurþingi.

Stjórn Dvalarheimilis aldraðra sf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Húsavík, 14. júní 2017

Stjórn:

Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsemi Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum (DA) var árið 2016 með líku sniði og árið áður. Rekstrarstaða stofnunarinnar batnaði talsvert á árinu. Ástæða þess er nýr rammasamningur um rekstur hjúkrunarheimila og aðhald í rekstri heimilisins. Þá styrktu sveitarfélögin fjárhagsstöðuna með sérstöku 20 milljóna aukaframlagi.

Skortur á hjúkrunarrýmum í Þingeyjarsýslum orsakar það að sinna hefur þurft íbúum með hjúkrunarmat í dvalarrýmum og er það baggi á rekstri félagsins. Stefnt er að fækkun dvalarrýma og fjölgun hjúkrunarrýma og er það í takt við aukna áherslu á að gera fólki kleift að búa lengur heima hjá sér sem minnkar þörf á dvalarrýmum.

Húsnæði DA þarfnast í dag verulegs viðhalds og er unnið skipulega eftir úttekt á viðhaldspörfinni sem unnin var af Faglausn ehf. Dregið var úr viðhaldsframkvæmdum á árinu eftir þungan rekstur ársins 2015 en eigi að síður var Miðhvammur málaður að utan. Stefnt er á að halda áfram að vinna að viðhaldi húsnæðisins samkvæmt úttekt Faglausnar ehf.

Áfram er samstarf milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og DA. Með þessu samstarfi hefur faglegt samstarf aukist og fjármunir sem settir hafa verið í heilbrigðisþjónustu á svæðinu verið betur nýttir. Það fylgir því þó talsverður flækjukostnaður að reka tvær einingar aðskildar þótt þær séu í svipuðum rekstri og klárlega væri betra ef öll heilbrigðisþjónusta á svæðinu væri á einni hendi.

Faglegt starf á sviði hjúkrunar hefur verið eflt mikið með samningi við HSN og hefur það ótvíræða kosti að öll hjúkrunarstjórn sé á sömu hendi. Vel hefur gefist að sjúklingar með heilabilun séu á Skógarbrekku HSN en þeir sem ekki hafi slíka greiningu séu í Hvammi.

Nýting hjúkrunar- og dvalarrýma í Hvammi hefur verið mjög góð og gæðavísar bera vott um góða ummönnun.

Starfsemi Stórumarkar hefur verið með líku sniði og undanfarin ár, en einingin er rekin af myndarskap og hugsjón. Hins vegar hefur þeim sem sækja þjónustu þangað farið fækkandi og veldur það því að draga þarf úr starfsemi starfstöðvarinnar til að lækka kostnað. Rekstur Víkur hefur verið með hefðbundnu sniði og hafa tvær af þrem íbúðum verið í leigu.

Nauðsynlegt er að byggja nýja hjúkrunarálmu á Húsavík til að bæta aðstöðu íbúa á hjúkrunardeildum í Hvammi og á sjúkrahúsi HSN. Taka þarf ákvörðun um staðsetningu slíkrar byggingar á árinu 2017. Samhliða er mikilvægt að fundin verði flötur á starfsemi DA sem lýtur að rekstri hjúkrunarheimilis sem tryggir stöðugan rekstur til framtíðar og hámarks samlegð í rekstri heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir góð störf á liðnu ári.

Húsavík, 14. júní 2017

Jón Helgi Björnsson,
framkvæmdastjóri DA.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Dvalarheimilis aldraðra sf fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara vekjum við athygli á skýringu nr. 19 í ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi félagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 14. júní 2017

PricewaterhouseCoopers ehf

Ljósbrá Baldursdóttir,
löggiltur endurskoðandi

Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|--|-------|---------------------|---------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Þjónustu- og vistdeild: | | | |
| | 3 | | |
| Daggjöld á vistdeild | | 83.429.737 | 72.384.801 |
| Daggjöld á hjúkrunardeild | | 270.174.945 | 236.107.690 |
| Dagvistargjöld | | 31.524.846 | 29.852.291 |
| Þjónustugjöld | | 8.908.491 | 8.714.340 |
| Húsaleigutekjur | | 9.909.688 | 9.178.988 |
| Greiðslur vegna launabóta 2015 | | 0 | 11.536.791 |
| Húsnæðisgjald | | 37.604.740 | 21.134.287 |
| Aðrar tekjur | | 7.072.944 | 7.179.994 |
| Byggingadeild: | | | |
| Tekjur byggingadeildar | | 2.482.181 | 1.688.007 |
| | | <u>451.107.572</u> | <u>397.777.189</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Þjónustu- og vistdeild: | | | |
| | 4 | | |
| Laun og launategd gjöld | | 250.999.927 | 232.331.923 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum | 15 | 3.097.627 | 6.576.156 |
| Matar- og kaffikostnaður | | 39.256.390 | 39.671.348 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 138.513.164 | 153.830.231 |
| Byggingadeild: | | | |
| Ýmis rekstrarkostnaður | | 9.876.656 | 6.479.837 |
| | | <u>441.743.764</u> | <u>438.889.495</u> |
| Rekstrarafgangur (-halli) fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 9.363.808 | (41.112.306) |
| Afskriftir | 5 | 18.212.189 | 17.267.908 |
| Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði | | (8.848.381) | (58.380.214) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.226.697 | 1.632.864 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (21.468.049) | (15.571.584) |
| | | <u>(20.241.352)</u> | <u>(13.938.720)</u> |
| Halli ársins | | <u>(29.089.733)</u> | <u>(72.318.934)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|-------|-------------|-------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 5 | | |
| Lóð | | 1.965.999 | 2.058.793 |
| Bifreiðar | | 483.015 | 483.015 |
| Áhöld og búnaður | | 5.469.364 | 6.768.780 |
| Fasteignir | | 412.650.035 | 429.470.015 |
| | | 420.568.414 | 438.780.603 |
| Aðrar eignir: | | | |
| Skuldabréf á búseturéttarhafa | 9 | 13.257.212 | 15.869.593 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 1.268.000 | 1.268.000 |
| Listaverk | | 386.275 | 386.275 |
| | | 14.911.487 | 17.523.868 |
| Fastafjármunir samtals | | 435.479.901 | 456.304.471 |
| Veltufjármunir | | | |
| Vörubirgðir | | 1.316.170 | 1.296.715 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | 9 | 1.523.290 | 5.119.852 |
| Viðskiptakrafa vegna sölu á búseturétti | | 18.614.873 | 18.664.393 |
| Ýmsar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 11 | 8.200.927 | 9.892.537 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 13.491.421 | 24.288.353 |
| Kröfur á tengda aðila | 20 | 3.344.916 | 2.846.916 |
| Handbært fé | 13 | 11.010.939 | 2.984.867 |
| | | 57.502.536 | 65.093.633 |
| Eignir samtals | | 492.982.437 | 521.398.104 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|--|-------|---------------------|---------------------|
| Eigið fé | 6 | | |
| Gjafir | | 29.102.636 | 29.102.636 |
| Framlög eignaraðila | | 581.268.410 | 534.078.410 |
| Ójafnað tap | | (686.442.631) | (660.793.920) |
| | | <u>(76.071.585)</u> | <u>(97.612.874)</u> |
| Skuldir | | | |
| Skuldbindingar | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 15 | 50.116.594 | 52.138.876 |
| Langtímaskuldir | | | |
| Skuldir við búseturéttarhafa | 10 | 266.923.923 | 250.630.749 |
| Verðtryggðar skuldir | 7 | <u>153.887.628</u> | <u>161.075.861</u> |
| | | 420.811.551 | 411.706.610 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skuld vegna innlausnar á búseturétti | 10 | 6.958.951 | 23.461.051 |
| Viðskiptaskuldir og ýmsar skammtímaskuldir | 14 | 41.990.897 | 73.856.107 |
| Fyrirframgreiddar tekjur | | 31.154.791 | 28.759.381 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 15 | 5.119.909 | 4.899.434 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 7 | <u>12.901.329</u> | <u>24.189.519</u> |
| | | 98.125.877 | 155.165.492 |
| Skuldir samtals | | 569.054.022 | 619.010.978 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>492.982.437</u> | <u>521.398.104</u> |

Aðrar upplýsingar

16-19

Sjóðstreymi ársins 2016

| | <u>2016</u> | <u>2015</u> |
|---|---------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | |
| Hreint veltufé (til rekstrar): | | |
| Halli ársins | (29.089.733) | (72.318.934) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir | 18.212.189 | 17.267.908 |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu | 3.097.627 | 6.576.156 |
| Verðbætur skuldabréfaeignar og langtímaskulda | 3.042.059 | 3.773.682 |
| | <u>(4.737.858)</u> | <u>(44.701.188)</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna: | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 11.990.542 | (8.728.523) |
| Birgðir | (19.455) | (610.926) |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga | (4.899.434) | (4.437.846) |
| (Lækkun) hækkun rekstartengdra skulda: | | |
| Skammtímaskuldir | (29.469.800) | 35.235.874 |
| | <u>(22.398.147)</u> | <u>21.458.579</u> |
| Handbært fé (til rekstrar) | <u>(27.136.005)</u> | <u>(23.242.609)</u> |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| Innleystur íbúðarréttur | (32.512.458) | (38.996.579) |
| Eignfærðar endurbætur á fasteignum | 0 | (13.900.766) |
| Seldur búseturéttur | 52.246.653 | 22.375.471 |
| | <u>19.734.195</u> | <u>(30.521.874)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | |
| Innborganir frá eignaraðilum | 47.190.000 | 29.520.000 |
| Bankalán, breyting | 0 | (15.309.762) |
| Afborganir skuldabréfaeignar | 6.765.644 | 14.736.693 |
| Afborganir langtímalána | (22.075.182) | (21.223.771) |
| Nýtt langtímalán | 0 | 35.000.000 |
| Breyting vegna kaupa/sölu á íbúðarrétti | (16.452.580) | 13.464.447 |
| | <u>15.427.882</u> | <u>56.187.607</u> |
| Hækkun á handbæru fé á árinu | 8.026.072 | 2.423.124 |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 2.984.867 | 561.743 |
| Handbært fé í árslok | <u>11.010.939</u> | <u>2.984.867</u> |
| Greiddir vextir | (14.614.442) | (8.717.977) |

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Félagið rekur þjónustu- hjúkrunar og vistdeild fyrir aldraða á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Heimilisfesti félagsins er að Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftahlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

| | |
|------------------------------|-----------|
| Fasteignir | 2% |
| Lóðarframkvæmdir | 4% |
| Bífreiddar og lyftarar | 12 og 20% |
| Tæki og búnaður | 12% |

Afskriftir eigna reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

Reikningssskilaaðferðir

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

2.7 Áhættufé í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

2.8 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins vegna starfsmanna Hvamms hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á kauplagi og færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað við útreiknaða stöðu af tryggingafræðingi 31. desember 2016. Breyting lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu hefur verið færð til gjalda í rekstrarreikningi.

2.9 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2017. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2.10 Áfallið orlof

Áunnið áfallið orlof fastra starfsmanna á tímabilinu 1. maí til 31. desember er áætlað og gjaldfært í rekstrarreikningi og móti til skuldar í efnahagsreikningi.

2.11 Íbúðarréttur/búsetusamningar

Um er að ræða greiðslur íbúðarréttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttshafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttshafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi. Skuldir við búseturéttarhafa vegna búsetu í einstökum búseturéttaríbúðum eru færðar upp miðað við stöðu þeirra í árslok 2016.

2.12 Framlög eignaraðila

Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlegu tapi af rekstri, skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næst liðins árs. Framlag sveitarfélaga skal reiknað út þannig að sveitarfélag, þar sem þjónustan er staðsett, greiðir óskipt 25% af útgjöldum vegna viðkomandi rekstrareiningar, en 75% útgjaldanna skipast milli allra aðildarsveitarfélaganna í ofangreindu hlutfalli.

2.13 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.14 Tekjuskattur

Félagið er undanþegið tekjuskatti skv. 4. gr. laga nr. 90/2003.

2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

2.16 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

2.17 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

| | 2016 | 2015 |
|---|-------------|-------------|
| Daggjöld | | |
| Vistunarframlag, Húsavík | 83.429.737 | 72.384.801 |
| Daggjöld á hjúkrunardeild..... | 270.174.945 | 236.107.690 |
| Dagvistargjöld | | |
| Dagvistargjöld, Húsavík..... | 18.561.560 | 17.513.000 |
| Dagvistargjöld Mörk, Kópaskeri..... | 7.575.246 | 7.888.378 |
| Dagvistargjöld Vík, Raufarhöfn..... | 5.388.040 | 4.450.913 |
| | 31.524.846 | 29.852.291 |
| Þjónustugjöld | | |
| Þjónustugjöld Brekku- og Litlihvammur | 3.795.734 | 3.919.004 |
| Þjónustugjöld, Miðhvammi | 5.112.757 | 4.795.336 |
| | 8.908.491 | 8.714.340 |
| Húsaleigutekjur | | |
| Húsaleigutekjur, salur og fótaaðgerðir | 1.868.924 | 1.705.827 |
| Leiga endurhæfing | 4.202.884 | 3.444.189 |
| Leigutekjur frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | 2.619.000 | 2.619.000 |
| Húsaleigutekjur, Vík og Mörk | 1.218.880 | 1.409.972 |
| | 9.909.688 | 9.178.988 |
| Launabætur | | |
| Greiðslur vegna launabóta | 0 | 11.536.791 |
| Húsnæðisgjöld | | |
| Húsnæðisgjöld Hvamms | 37.604.740 | 19.934.288 |
| Húsnæðisgjöld Mörk | 0 | 599.999 |
| Húsnæðisgjöld Vík | 0 | 600.000 |
| | 37.604.740 | 21.134.287 |
| Aðrar tekjur | | |
| Akstur o.fl. | 3.305.844 | 3.081.664 |
| Innheimt hárgreiðsla | 2.114.700 | 2.155.900 |
| Selt fæði til annarra | 272.400 | 918.000 |
| Seld þjónusta til Leigufélags Hvamms ehf | 1.380.000 | 1.024.430 |
| | 7.072.944 | 7.179.994 |

4. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

| | | |
|--|-------------|-------------|
| Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun, Húsavík | 193.103.078 | 176.786.017 |
| Launatengd gjöld, Húsavík | 43.820.193 | 41.337.503 |
| Laun, Kópaskeri | 9.156.895 | 9.290.078 |
| Launatengd gjöld, Kópaskeri | 2.084.040 | 2.149.685 |
| Laun, Raufarhöfn | 2.313.547 | 2.332.770 |
| Launatengd gjöld, Raufarhöfn | 522.174 | 435.870 |
| | 250.999.927 | 232.331.923 |
| Beyting á lífeyrisskuldbindingum | 3.097.627 | 6.576.156 |
| | 254.097.554 | 238.908.079 |

Skýringar

4. Rekstrargjöld, frh.

| | 2016 | 2015 |
|--|--------------------|--------------------|
| Matar- og kaffikostnaður | | |
| Matarkostnaður, Húsavík..... | 35.197.851 | 35.561.893 |
| Matarkostnaður, Kópaskeri..... | 1.960.676 | 2.112.509 |
| Matarkostnaður, Raufarhöfn..... | 2.097.863 | 1.996.946 |
| | <u>39.256.390</u> | <u>39.671.348</u> |
| Annar rekstrarkostnaður | | |
| Annar rekstrarkostnaður, Húsavík | | |
| Rekstur fasteigna..... | 30.669.420 | 42.382.415 |
| Lyf, lækniþjónusta og umönnun..... | 62.982.186 | 64.411.119 |
| Þvottur og hreinlætisvörur..... | 8.289.935 | 8.402.353 |
| Skrifstofu- stjórnunar- og starfsmannakostnaður..... | 15.591.266 | 16.808.041 |
| Kostnaður tengdur vistmönnum..... | 3.389.816 | 2.932.865 |
| | <u>120.922.623</u> | <u>134.936.793</u> |
| Annar rekstrarkostnaður, Kópaskeri | | |
| Lyf og lækniþjónusta..... | 428.921 | 168.300 |
| Rekstur fasteignar..... | 1.638.723 | 2.145.096 |
| Kostnaður tengdur vistmönnum, akstur ofl..... | 1.653.006 | 1.739.016 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | 113.512 | 193.519 |
| | <u>3.834.162</u> | <u>4.245.931</u> |
| Annar kostnaður, Raufarhöfn | | |
| Rekstur fasteignar..... | 2.189.970 | 1.990.403 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | 106.185 | 266.936 |
| | <u>2.296.155</u> | <u>2.257.339</u> |
| Brekku- og Litli Hvammur | | |
| Rafmagn | 46.740 | 48.156 |
| Hiti | 269.612 | 181.105 |
| Viðhald | 4.529.821 | 9.364.850 |
| Annar rekstrarkostnaður | 434.969 | 692.054 |
| | <u>5.281.142</u> | <u>10.286.165</u> |
| Miðhvammur | | |
| Viðhald, Miðhvammur..... | 6.186.165 | 2.259.119 |
| Rafmagn..... | 979.977 | 971.505 |
| Hiti..... | 1.012.940 | 825.564 |
| Ýmis rekstrarkostnaður..... | 0 | 47.815 |
| | <u>8.179.082</u> | <u>4.104.003</u> |
| - hluti í sameiginlegum kostnaði flutt á byggingardeild..... | (2.000.000) | (2.000.000) |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>138.513.164</u> | <u>153.830.231</u> |

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Vist- og hjúkrunardeild | | | Bygginga- deild |
|---|-------------------------|-----------|-------------|--------------------|
| | Áhöld og búnaður | Lóð | Bifreið | Fasteignir |
| Árslok 2015: | | | | |
| Bókfært verð 1/1 2015 | 6.945.750 | 2.120.578 | 703.014 | 432.378.403 |
| Viðbót á árinu | 0 | 0 | 0 | 13.900.766 |
| Afskrifað á árinu | (176.970) | (61.786) | (219.999) | (16.809.154) |
| Bókfært verð 31/12 2015 | 6.768.780 | 2.058.793 | 483.015 | 429.470.015 |
| | | | | |
| Framreiknað kostnaðarverð í lok árs | 37.665.257 | 2.629.915 | 4.830.149 | 815.851.390 |
| Uppsafnaðar afskriftir í lok árs | (30.896.477) | (571.122) | (4.347.134) | (386.381.375) |
| Bókfært verð í árslok 2015 | 6.768.780 | 2.058.793 | 483.015 | 429.470.015 |
| Árslok 2016: | | | | |
| Bókfært verð 1/1 2016 | 6.768.780 | 2.058.793 | 483.015 | 429.470.015 |
| Afskrifað á árinu | (1.299.416) | (92.794) | 0 | (16.819.980) |
| Bókfært verð 31/12 2016 | 5.469.364 | 1.965.999 | 483.015 | 412.650.035 |
| | | | | |
| Framreiknað kostnaðarverð í lok árs | 37.665.257 | 2.629.915 | 4.830.149 | 815.851.390 |
| Uppsafnaðar afskriftir í lok árs | (32.195.893) | (663.916) | (4.347.134) | (403.201.355) |
| Bókfært verð í árslok 2016 | 5.469.364 | 1.965.999 | 483.015 | 412.650.035 |

Bókfært verð og opinbert mat á fasteignum félagsins er þannig í árslok:

| | Bókfært verð | Fasteignamat | Brunabótamat |
|--|--------------|--------------|---------------|
| Skálabrekka 19, Húsavík..... | 18.114.513 | 42.168.000 | 89.350.000 |
| Aðalbraut 38, Raufarhöfn..... | 22.684.443 | 10.122.000 | 92.900.000 |
| Litli Hvammur 1-7, Húsavík..... | 25.826.863 | 94.095.000 | 182.050.000 |
| Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík..... | 26.109.995 | 41.620.000 | 85.000.000 |
| Akurgerði 2, "Mörk", Kópaskeri..... | 88.842.962 | 25.850.000 | 137.850.000 |
| Dvalarheimilisbyggingin- Miðhvammur..... | 231.071.261 | 330.150.000 | 1.351.600.000 |
| | 412.650.035 | 544.005.000 | 1.938.750.000 |

Varanlegir rekstrarfjármunir eru vátryggðir fyrir kr. 495.471.000.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | Gjafir | Framlög eignaraðila | Ójafnað tap | Samtals |
|--------------------------------------|------------|---------------------|---------------|--------------|
| Hreyfingar 2015: | | | | |
| Staða 1/1 2015 | 29.102.636 | 504.558.410 | (588.458.707) | (54.797.661) |
| Framlög eignaraðila v bygginga | | 29.520.000 | | 29.520.000 |
| Endurmat búseturéttar á árinu | | | 11.086.753 | 11.086.753 |
| Endurmat búseturéttar við sölu | | | (11.103.032) | (11.103.032) |
| Halli ársins | | | (72.318.934) | (72.318.934) |
| Staða 31/12 2015 | 29.102.636 | 534.078.410 | (660.793.920) | (97.612.874) |

| | Gjafir | Framlög eignaraðila | Ójafnað tap | Samtals |
|--------------------------------------|------------|---------------------|---------------|--------------|
| Hreyfingar 2016: | | | | |
| Staða 1/1 2016 | 29.102.636 | 534.078.410 | (660.793.920) | (97.612.874) |
| Framlög eignaraðila v bygginga | | 47.190.000 | | 47.190.000 |
| Endurmat búseturéttar á árinu | | | 12.111.070 | 12.111.070 |
| Endurmat búseturéttar við sölu | | | (8.670.048) | (8.670.048) |
| Halli ársins | | | (29.089.733) | (29.089.733) |
| Staða 31/12 2016 | 29.102.636 | 581.268.410 | (686.442.631) | (76.071.585) |

| Framlög eignaraðila, á verðlagi hvers árs, greinast þannig: | Innborgað til 1/1 2016 | Innborgað á árinu | Innborgað til 31/12 2016 | í % |
|---|------------------------|-------------------|--------------------------|---------|
| Tjörneshreppur..... | 5.247.477 | 523.674 | 5.771.151 | 0,99% |
| Skútustaðahreppur..... | 34.634.425 | 3.572.314 | 38.206.739 | 6,57% |
| Þingeyjarsveit..... | 74.677.789 | 8.036.570 | 82.714.359 | 14,23% |
| Erfðafsj. og Framkvj..... | 47.028.650 | 0 | 47.028.650 | 8,09% |
| Norðurþing..... | 372.490.069 | 35.057.442 | 407.547.511 | 70,11% |
| | 534.078.410 | 47.190.000 | 581.268.410 | 100,00% |

7. Langtímaskuldir

| | Lánskjör | Ár eftir | Eftirstöðvar |
|---------------------------------------|-------------------|----------|--------------|
| Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki | LV + 4,5 til 5,9% | 1-43 ár | 166.788.957 |
| | | | 166.788.957 |

Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2016 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|-----------------|-------------|
| Árið 2017 | 12.901.329 |
| Árið 2018 | 12.901.329 |
| Árið 2019 | 12.901.329 |
| Árið 2020 | 7.364.452 |
| Árið 2021 | 6.861.100 |
| Síðar | 113.859.418 |
| | 166.788.957 |

Skýringar

7. Langtímaskuldir, frh.

Langtímaskuldir samtals kr. 166.788.957 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|--------------------|
| Afborganir ársins 2017, færð meðal skammtímaskulda | 12.901.329 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda | 153.887.628 |
| | <u>166.788.957</u> |

8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|--------------------------------------|--------------------------|------------------------------|
| Önnur félög: | | |
| Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf | 1.268.000 | 1.268.000 |
| | | <u>1.268.000</u> |

9. Skuldabréf á búseturéttarhafa

| | Eftirstöðvar |
|--|-------------------|
| Langtímakröfur í íslenskum krónum: | |
| Verðtryggðar skuldabréf, vextir 4,9% | 14.780.502 |
| | <u>14.780.502</u> |

Framangreind vaxtahlutföll eru vextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör í árslok 2016.

Afborganir af langtímakröfum í árslok 2016 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|-----------------|-------------------|
| Árið 2017 | 1.523.290 |
| Árið 2018 | 1.523.290 |
| Árið 2019 | 1.523.290 |
| Árið 2020 | 1.523.290 |
| Árið 2021 | 1.523.290 |
| Síðar | 7.164.052 |
| | <u>14.780.502</u> |

Langtímakröfur samtals kr. 14.780.502 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|--|-------------------|
| Afborganir ársins 2017, færðar meðal veltufjármuna | 1.523.290 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar, meðal langtímakrafna | 13.257.212 |
| | <u>14.780.502</u> |

Skýringar

10. Bókfært verð búseturéttar

Um er að ræða skuld félagsins við búseturéttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttshafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttshafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi.

Innlausnarverð búseturéttarins er uppfært miðað við stöðu í árslok 2016.

11. Ýmsar kröfur

| Sundurliðast þannig: | 2016 | 2015 |
|---|------------------|------------------|
| Virðisaukaskattskrafa..... | 3.445.973 | 2.125.754 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður; tryggingar o.fl..... | 1.106.892 | 3.915.819 |
| Áfallnir vextir skuldabréfæignar..... | 45.937 | 63.778 |
| Aðrar kröfur..... | 3.602.125 | 3.787.186 |
| | <u>8.200.927</u> | <u>9.892.537</u> |

12. Viðskiptakröfur

| Sundurliðast þannig: | 2016 | 2015 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Gjafasjóður Hvamms..... | 460.537 | 460.537 |
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga..... | 0 | 233.250 |
| Sjúkratryggingar Íslands..... | 5.846.788 | 0 |
| Tryggingastofnun ríkisins..... | 0 | 15.192.987 |
| Vismenn og starfsmenn..... | 7.184.096 | 8.401.579 |
| | <u>13.491.421</u> | <u>24.288.353</u> |

Að mati stjórnenda Dvalarheimilisins hefur ekki þótt ástæða til þessa að niðurfæra viðskiptakröfur þar sem ekki leikur vafi á um innheimtu þeirra.

13. Handbært fé

| Sundurliðast þannig: | 2016 | 2015 |
|---|-------------------|------------------|
| Tékkareikningur nr. 949 í Landsbanka..... | 2.102.851 | 464.765 |
| Tékkareikningur nr. 10108 í Íslandsbanka..... | 578.976 | 163.416 |
| Tékkareikningur nr. 6300 í Íslandsbanka..... | 2.075 | 2.003 |
| Sjóður Húsavík..... | 477.589 | 342.000 |
| Sjóður Raufarhöfn..... | 0 | 2.031 |
| Sjóður, Mörk..... | 0 | 2.797 |
| Landsbanki Íslands reikningur nr.1430..... | 7.849.448 | 2.007.855 |
| | <u>11.010.939</u> | <u>2.984.867</u> |

Skýringar

14. Viðskiptaskuldir og ýmsar skammtímaskuldir

| Sundurliðast þannig: | 2016 | 2015 |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Ógreitt í lífeyrissjóð..... | 4.231.455 | 7.669.068 |
| Ógreitt tryggingagjald..... | 1.228.828 | 3.321.168 |
| Ógreidd önnur launatengd gjöld..... | 445.913 | 791.369 |
| Ógreidd staðgreiðsla..... | 3.500.713 | 9.393.908 |
| Viðskiptaskuldir vistdeildar..... | 16.369.815 | 40.468.591 |
| Viðskiptaskuldir byggingadeildar..... | 2.348.596 | 974.671 |
| Skuld við aðildarsveitarfélög..... | 1.674.864 | 0 |
| Áfallnir vextir langtímaskulda..... | 624.131 | 827.595 |
| Reiknað áfallið orlof..... | 11.566.582 | 10.291.200 |
| Ýmsar viðskiptaskuldir..... | 0 | 118.537 |
| | <u>41.990.897</u> | <u>73.856.107</u> |

15. Lífeyrisskuldbindingar

| Greinist þannig: | 2016 | 2015 |
|--|-------------------|-------------------|
| Staða 1. janúar 2016..... | 57.038.310 | 54.900.000 |
| Greitt á árinu..... | (4.899.434) | (4.437.846) |
| Hækkun á árinu 2016..... | 3.097.627 | 6.576.156 |
| Staða 31. desember 2016..... | <u>55.236.503</u> | <u>57.038.310</u> |
| Áætluð næsta árs greiðsla, færð meðal skammtímaskulda..... | 5.119.909 | 4.899.434 |
| Skuldbinding til eins árs eða lengur..... | <u>50.116.594</u> | <u>52.138.876</u> |
| | 55.236.503 | 57.038.310 |

16. Veðsetningar

Eftirfarandi fasteignir félagsins eru veðsettar fyrir eftirstöðvum langtímaskulda félagsins þannig:

| | |
|---------------------------------------|--------------------|
| Vallholtsvegur 17, Húsavík..... | 18.624.040 |
| Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík..... | 3.240.112 |
| Litli Hvammur 1 - 7, Húsavík..... | 7.291.413 |
| Akurgerði 2, Kópaskeri..... | <u>106.210.343</u> |
| | <u>135.365.908</u> |

Skýringar

17. Kennitölur

| | <u>2016</u> | <u>2015</u> |
|--------------------------------------|-------------|-------------|
| Aðrar upplýsingar | | |
| Legudagar í vistrými..... | 6.215 | 6.200 |
| Legudagar í hjúkrunarrými..... | 9.192 | 9.139 |
| Legudagar í hvíldarinnlögnum..... | 710 | 721 |
| Legudagar samtals..... | 16.117 | 16.060 |
| Fjöldi vistrýma..... | 17,0 | 17,0 |
| Nýting vistrýma..... | 99,89% | 99,92% |
| Fjöldi hjúkrunarrýma..... | 25,0 | 25,0 |
| Nýting hjúkrunarrýma..... | 100% | 100% |
| Fjöldi hvíldarrýma..... | 2 | 2 |
| Meðalaldur vistmanna..... | 85,7 | 85,8 |
| Fjöldi starfsmanna að meðaltali..... | 42 | 40 |
| Stöðugildi..... | 30 | 33 |

18. Aðrar upplýsingar

Á árinu 2014 var höfðað mál gegn íslenska ríkinu um leigugreiðslur vegna afnota húsnæðis Dvalarheimilisins undir hjúkrunarheimili. Fari málið á besta veg getur það haft verulegan ávinning í för með sér fyrir stofnunina en versta mögulega niðurstaða væri að henni væri gert að greiða gagnaðila málskostnað.

19. Rekstrarhæfi félagsins

Reikningsskilin eru samin miðað við áframhaldandi rekstur. Eins og fram kemur í efnahagsreikningi félagsins er bókfært eigið fé félagsins uppuríð og er eiginfjárlutfall neikvætt um 15,4%. Þá er veltufjárlutfall félagsins í árslok 0,59. Viðvarandi taprekstur hefur verið hjá félaginu á liðnum árum og skv. fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2017 verður áfram tap á rekstri þess. Eigendur félagsins hafa lagt félaginu til fé árlega á liðnum árum og þannig tryggt rekstrarhæfi þess, auk þess sem þeir eru í ábyrgðum fyrir félagið vegna félagsformsins. Ekki hefur annað komið fram en að stuðningur eigenda við félagið vari a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár.

20. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru eignaraðilar og félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | <u>2016</u> | <u>2015</u> |
|---|------------------|------------------|
| Viðskipti við tengda aðila: | | |
| Seld þjónusta til eignaraðila og félaga í þeirra eigu | (2.588.400) | (3.139.178) |
| Kröfur á tengda aðila í árslok greinast þannig: | | |
| Norðurþing | 936.000 | 1.818.000 |
| Leigufélag Hvamms ehf. | 2.408.916 | 1.028.916 |
| | <u>3.344.916</u> | <u>2.846.916</u> |